



Húnabyggð
Börkur Þór Ottósson
Hnjúkabyggð 33
540 Blönduós

Garðabær, 29.4.2025

Málsnúmer: 202504-0036

IAS

Efni: Skipulagslýsing. Aðalskipulag Skagabyggðar 2010-2030. Breyting vegna efnistökusvæða.

Vísað er til erindis frá Húnabyggð, dagsett 11. apríl 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnuanr vegna breytinga á aðalskipulagi Skagabyggðar 2010-2030 vegna efnistökusvæða.

„Vegagerðin hefur óskað eftir því við Húnabyggð að gerð verði breyting á aðalskipulagi Skagabyggðar 2010 - 2030 vegna efnistökusvæða. Breytingin er til komin vegna áforma Vegagerðarinnar um viðhald á vegum innan sveitarfélagsins og endurbætur á Skagavegi. Breyting á aðalskipulagi felst í auknum heimildum til efnistöku á efnistökusvæðinu Skeggjastaðir – ES12. Í breytingunni er gert ráð fyrir því að heimilað efnismagn fari úr því að vera 30.000 m³ í 450.000 m³. Út frá gögnum á loftmyndum að dæma hefur töluvert meira verið tekið úr námunni en gildandi heimildir í aðalskipulagi kveða á um.“

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um matskyldufyrirspurn vegna Skagavegar á milli Harrastaða og Brunanámu á Skagatrönd þann 14. apríl 2025, sjá [hér](#). Náttúrufræðistofnun bendir á að í matskyldufyrirspurninni kom fram að fyrirhugað er að taka 49.500 m³ af efni úr námunni við Skeggjastaði en hér er gert ráð fyrir að heimilt verði að taka allt að 450.000 m³ úr Skeggjastaðanámu.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki aðrar athugasemdir á þessu stigi en áskilur sér rétt til athugasemda á síðari stigum.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur